

Heiðrún Lilja Þrastardóttir

Kt: 1007892649

06.06.2024

Þingmálsnr: 1130

Framhald stuðningsaðgerða vegna náttúruhamfara í Grindavíkurbæ.

Ég vil hvetja ykkur til þess að setja ykkur í okkar spor.

Við höfum ekki bara misst heimilið okkar, öryggið okkar, heilsuna, bæinn okkar og tilveruna okkar þá hefur þetta kostað okkur alveg gífurlega miklar fjárhæðir. Og á bara eftir að kosta meira.

Þið verðið að gera betur. Stimpilgjöldin ætti að fella niður. Fá að nota séreignasparnað eins og þetta séu okkar fyrstu kaup.

Þetta eru upphæðir sem geta skipt sköpun fyrir okkur, við þurfum að koma okkur upp nýju heimili, nýju öryggi og búa til nýtt umhverfi fyrir fjölskylduna okkar og ná heilsu á ný.

10. nóvember. 2023

Klukkan var 20:00, ég stóð og hélt mér í stofuskápinn svo ég myndi ekki falla í gólfið svo mikið var höggið á húsið mitt. Húsið mitt, heimilið mitt, öryggið og staðurinn þar sem ég var að ala upp börnin mín.

Kl 21:00 keyrði ég úr bænum ætlaði að hvíla mig á jarðskjálftum. Aldrei grunaði mig að ég ætti ekki eftir að sofa í húsinu mínu aftur.

Svo tók við biðin og vonin um að fá að fara aftur heim.

Allt í einu misstum við allt. Börnin mín missa vini, skóla, íþróttir, frjálsræðið og við stöndum uppi heimilislaus. Ég gæti ekki líst þessum síðustu mánuður betur þó ég myndi reyna.

Þið lofuðu að standa með okkur. Styðja okkur og aðstoða alla leið. Leiðin er bara hálfnuð og nú þurfi þið að klára þetta almennilega og koma okkur í gegnum þetta. Og það geti þið gert með því að fella niður allan óþarfa kostnað. Gefið okkur tækifæri á nýju lífi á öðrum stað.